

## Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Breyting á innheimtu–

Lagt er til að við grein 41.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót bætist við eftirfarandi setning: (Ská- og feitletrað)

- 41.3. Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 130.000 í meistaraflokki en kr. 30.000 í öðrum flokkum. ***KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein.***

### Greinargerð:

Það er gömul og ný saga að erfiðleg hefur stundum gengið fyrir félög að innheimta þessar greiðslur þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar. Það er örugglega miklu skilvirkara og betra móralslega að þessar greiðslur séu innheimtar af sambandinu en að láta félögin standa í þrasi um greiðslunnar.

Sindri Hornafirði